

# RÉTTUR

TÍMARIT UM FÉLAGSMÁL OG MANNRÉTTINDI.



VÉR BIÐJUM EIGI UM NEINAR NÁÐARVEITINGAR EÐA  
SÉRRÉTTINDI, EN VÉR HEIMTUM RÉTTLÆTI, EIGI AÐ-  
EINS LAGALEGT, HELDUR NÁTTÚRLEGT RÉTTLÆTI.



RITSTJÓRI:  
ÞÓRÓLFUR SIGURÐSSON.

ÞRIÐJA ÁR. I. HEFTI.



AKUREYRI  
PRENTSMÍÐJA BJÖRNS JÓNSSONAR.  
1918.

Pegar vér leggjum skatt á byggingar, afurðir, búshluti, starfsfé og auð af hvaða tagi sem er, þá tökum vér frá einstaklingum þjóðfélagsins nokkuð af því, sem verður að álftast réttmæt eign þeirra; vér skerðum eignarréttinn og fremjum þjófnad í nafni laganna. En þegar vér leggjum skatt á jörðina, tökum vér frá einstaklingnum það, sem eigi er eign hans, heldur þjóðfélagsins, og getur því aldrei orðið einstaklingseign, án þess að aðrir séu jafnframt beittir órétti. Vér brjótum því réttlætislögmálið, bæði þegar vér leggjum skatt á vinnuna eða ávexti hennar, og þegar vér látum hjá líða að leggja skatt á sameignina, jörðina.

Vér leggjum því til, að allir skattar séu afnumdir að undanteknum skatti á verðgildi jarðarinnar; sá skattur leggst á grunnverðið án tillits til þeirra bygginga, sem eru á jörðinni (lóðinni), eða til þess, hvernig hún er notuð.

Pegar innleiddur er þessi einkaskattur, — sem leggst á jörðina eptir því verðgildi, sem náttúran og þjóðfélagskipulagið gefur hverjum bletti fyrir sig, — þá mun það hafa þessi áhrif:

1. Hann losar oss við þann sag af skattheimtumönnum, tollþjónum o. s. frv., sem þeir skattar útheimta, er nú tíðkast, og ríkissjóðurinn fær þannig miklu meiri hluta af því, sem fólkíð verður að greiða í raun og veru, en nú á sér stað. Hann tekur burt freistinguna til rangs framtals, undandráttar og lýgi, því að það er ekki hægt að leynd jörðinni og það er ætíð létt að reikna út verð hennar.

Það verður þannig ódýrara að innheimta þennan skatt en nokkurn annan skatt, og hann er hættuminni fyrir almennt siðgæði en nokkur annar skattur.

2. Hann mun mjög efla framleiðsluna og auka þjóðarauðinn, af því að þá hverfa núverandi skattar, sem liggja eins og martróð á vinnunni og atorkunni. Hann mun léttla þeim, sem vilja vinna, aðganginn að jörðinni. Því að þeim jarðeigendum, sem nota eigi sjálfir land sitt en hyggjast að græða á verðhækkun þess í framtíðinni, mun veitast erifitt að halda þessu dýra landi. 2\*

## Úrlausn Henry George's í jarðeignamálinu.

Margar tillögur hafa komið fram um réttláta skiftingu jarðarinnar. Af þeim er að mínu áliti tillaga Henry George's best, réttlátust og léttust að framkvæma. Hún er í því fólginn, sem hér segir.

Eignarrétturinn byggist ekki á manna lögum, segir Henry George; hann stafar frá lögum náttúrunnar, eða sagt með öðrum orðum — frá lögmáli guðs. Rétturinn til eignar er tvímelalaus og skilyrðislaus, og í hverju broti af þessum rétti, — hvort sem það er framið af einstökum mönnum eða þjóðfélaginu, — er fólgð brot á boðorðinu: Þú skalt eigi stela.

Sá maður, sem veiðir fisk, gróðursetur aldirtré, elur upp kálf, byggir hús, býr til fót eða teiknar mynd, fær með því ótakmarkaðan eignarrétt á þeim hlut, — réttinn til að gefa hann, selja hann, láta hann ganga að erfðum. En þar sem jörðin er ekki búin til af neinum af oss, og þar sem vér erum allir á henni með öldungis sama rétti, er auðsætt, að enginn einstakur getur haft neinn ótakmarkaðan eignarrétt á jörðinni, en að allir menn hafa einmitt sama, jafna og ófarganlega (óafhendanlega) réttinn til hennar.

Réttur einstaklingsins til að hagnýta jörðina takmarkast af jöfnu rétti allra annara til hins sama. Þegar þjóðfélagið viðurkennir umráðarétt einstaklingsins á landbletti, leggst því um leið á hann sú skylda að borga þjóðfélaginu að fullu fyrir hin dýrmætu sérréttindi, sem það hefir þannig veitt honum.

Peir skattar, sem nú tíðkast, og hvíla allt of þungt á vinnunni og allt of létt á jarðarumráðunum, hjálpa til að auka hina ranglátu skiptingu auðsins, — hin miklu og sívaxandi auðæfi fárra manna og hina miklu og sívaxandi örþingð fjöldsans. Þessi rangláta skipting auðsins myndar annars vegar stétt manna, sem lifa í iðjuleysi og löstum, af því að þeir eru allt of ríkir, og á hinn bóginn stétt manna, sem lifa í iðjuleysi og löstum, af því að þeir eru allt of fátækir. Báðum þessum mannfélagsstéttum er hamlað frá nýtsamri framleiðslu; og ekki einungis þeim, því að hin mörgu sníkjudýr, sem hin rangláta skifting auðsins framleiðir: umrenningar, beiningamenn, þjófar og svikarar, taka auk þess upp atarmikið af peningum og vinnuafli þjóðfélagsins. Vegna þeirra verður þjóðfélagið að halda uppi lögreglu, dómstólum, fangahúsum og öllu því öðru, sem það notar til að verja sig fyrir þeim.

Nú er það þó alls eigi ætlun vor, að manneðlið muni breytast, þó að landsskattinum yrði komið á. Það er yfirleitt ekki í manna valdi að breyta því. En það þjóðfélagsskipulag, sem hann skapar, vinnur að því að þroska hinar betri hliðar mann-eðlisins — en ekki hinar lakari, sem einmitt á sér stað, eins og nú er ástætt.

Hann mun auka framleiðsluna og auðæfin og tryggja það, að þeim sé skift réttlátlega. Hann mun gjöra mönnum mögulegt að vera að minsta kosti eins ráðvandi, réttlátir og nærgætnir og þeir kæra sig sjálfir um að vera. Hann mun útrýma *óverðskuldaðri* fátækt.

Til þess að gera oss grein fyrir þessari endurbót, getum vér hugsað oss dæmi:

Hugsum oss, að í einhverju héraði sé allt landið eigntveggja stóreignamanna og hundrað smábænda. Annar stóreignamaðurinn er ríkur og dvelur erlendis, hinn á ekki annað en jarðeignina, býr á henni og hefir sjálfur umsjón með henni. Auk þess búa í héraðinu nokkrir tugir fjölskyldna, sem eiga ekkert land: handverksmenn, kaupmenn og sýslunarmenn. Hugsum oss enn fremur, að allir íbúar héraðsins séu orðnir þeirrar skoðunar, að jörðin sé sameign, og hafi ákveðið að

ráða yfir henni samkvæmt því. Hvernig ættu þeir þá að fara að?

Að taka allt landið frá fyrverandi eigendum og leyfa hverjum að nota það, sem hann vildi, það væri ógjörningur. Því að alltaf myndu verða fleiri en einn, sem vildu fá sama blettinn, og þá lentu menn í sífeldu þrefi.

Að reka búskapinn í samvinnu, vinna, plægja og skera upp í sameiningu, væri vandkvæðum bundið; því að sumir ættu plóga, hesta og vagna, aðrir ættu ekkert af því, og enn aðrir hefðu hvorki krafta né kunnáttu til að rækta jörðina.

Að skipta landinu í jafnmarga hluti, eins og þeir væru, sem ættu það, og gjöra þá alla jafn góða yrði lítt gjörlegt. Þá þyrfti að skipta því í smáreiti eptir gæðum og láta hvern einstakan fá blett af góðu landi, lakara landi og lélegu landi, af akurlendi, af haglendi, af skógi. Það yrðu allt of margir smáblettir. Auk þess er þannig löguð skipting hættuleg, því að þeir sem væru fátækir eða latir myndu freistast til að leigja eða selja þeim, sem ríkari væru, land sitt, og þann veg myndu jarðirnar bráðlega komast aptur í hendur fárra manna.

Héraðsbúar taka þá það ráð, að láta hvern halda því landi, sem hann hefir, gegn því að greiða afgjald af því í sameignarsjóð héraðsbúa. Þetta afgjald á að vera svo mikið, að það svari til þess hagnaðar, sem umráðamaður landsins hefir af því, þegar það er metið eftir náttúrugæðum og afstöðu, en án tillits til þess, sem unnið hefir verið á því. Því fé, sem þann veg kemur inn, á svo að skipta jafnt meðal allra héraðsbúa.

En af því að þetta litla þjóðfélag (héraðið) hefir allt af útgjöld til sameiginlegu málanna: skóla, vegabóta, læknis o. s. frv., þá væri það óhagfelt að útbýta þessu fé í peningum og innheimta það svo undir eins aftur með sköttum. Það er því samþykkt að þessi opinberu gjöld skulu tekin beint af jarðarafgjöldunum.

Peir, sem ekkert land hafa til umráða, greiða þannig ekkert afgjald og fá heldur ekki neitt útborgað. Hluti þeirra í sam-

eigninni (jörðunni) ber þeim ágóða á þann hátt, að þeir njóta ókeypis góðs af þeim stofnum og umbótum, sem hið opinbera lætur gjöra með því fé, er inn kemur sem jarðarafgjöld.

Af þessu fyrirkomulagi leiðir það, að annar stóreignarmaðurinn, — sá, sem býr erlendis og hefir fremar litlar tekjur af jarðeign sinni, — finnur að það svarar ekki lengur kostnaði fyrir hann að hafa jarðeignina með þessum nýju sköttum, og hann losar sig því við hana.

Hinn stóreignamaðurinn, sem er góður búmaður, lætur aðeins nokkurn hluta af sinni jarðeign af hendi, en hefir eftir svo mikið, sem hann getur látið bera sér meiri arð en það, sem hann verður að greiða í afgjald.

Þeir bændur, sem hafa haft of lítið land, og nokkrir af þeim, sem ekkert land hafa haft til umráða, taka við landsvæðum þeim, sem stóreignamennirnir láta af hendi.

Með þessu skipulagi kemst allt landið bráðlega í réttar hendur, — til þeirra sem hafa ánægju af að vinna að því, og kunna að láta það gefa bestan arð. Opinberu stofnanirnar batna. Því að nú koma meiri peningar í sjóðinn en áður. Og þessi mikla breyting á jarðarumráðunum hefir orðið án málaferla, hávaðalaust og bardagalaust, blátt áfram þannig, að þeir, sem kunna ekki að rækta jörðina með góðum árangri, hafa látið hana af hendi af frjálsum vilja.

Á þennan hátt er hægt að koma tillögu Henry George's í framkvæmd, í einu sérstöku ríki eða um alla jörðina. Það er réttlátt, það mun bera góðan ávöxt, og það er auðvelt að framkvæma það alstaðar.

**Leo Tolstoj.**

(*A. S. Þýddi.*)

